



**Ávarp  
forseta Íslands  
Ólafs Ragnars Grímssonar  
í hádegisverði borgarstjórna Stokkhólms  
25. nóvember 1998**

Yðar hátignir  
Heiðraði forseti borgarstjórnar  
Kæru gestir

Ég þakka góð orð í minn garð og Íslendinga.

Það hefur verið sagt að Stokkhólmur sé drottningin meðal höfuðborgar Norðurlanda. Mér hafi oft fundist hún einnig minna á tiginborna vatnadís sem heillar skáld og listamenn, hljóðfæraleikara og æskufólk; miðstöð menningar og vísinda, athafnalífs og heimssýnar sem varpar ljósi á orðstír Norðurlanda í veröldinni.

Vissulega er Stokkhólmur sögufræg borg. Virðuleg gömul hús og hallir ljá henni ljóma aldanna. Í heimsókn minni nú hefur mér þótt fróðlegt að kynnast hvernig hugbúnaðarfyrirtæki, vísindamenn, tæknifræðingar og forystufólk í heilbrigðismálum og lyfjaframleiðslu eru að skapa Stokkhólmi og Svíþjóð lykilsess í heimssamfélagi nýrrar aldar.

Þau kynni eru mér mikil hvatning því ég tel að Norðurlönd munu því aðeins tryggja stöðu sína í framtíðinni ef við skörum framúr á sviðum vísinda, tækni, menningar og lista.

Í þessum efnum er Stokkhólmur táknborg nýrra tíma, sönnun þess að mannshugurinn og menntunin eru traustustu vegvísarnir þegar leitað er árangurs á nýrri öld.

Ég veit að það er eðli borgarmála og reyndar einnig landsmála að sífellt er verið að tala um vandamál og erfiðleika og borgarstjórnin og ríkisstjórnin fá sjálfsagt nóg af slíkri orðræðu og gagnrýni. Við Íslendingar komum hingað til Stokkhólms fyrst og fremst til að kynnast glæsilegum árangri, sækja hingað innblástur og hvatningu.

Ég bið virðulega gesti að lyfta glösum og hylla hina hina heillandi höfuðborg Svíþjóðar. Megi Stokkhólmur um langa framtíð gegna forystuhlutverki í norrænu samfélagi.